

AFSTAÐA  
TIL ÁBYRGÐAR  
FÉLAG FANQA OG ANNARRA ÁHUÐAMANNA UM BÆTT FANGELSISMÁL  
OG BETRUN FANQA

Móttekið hjá RSK  
14. Feb. 2005  
Fyrirtækjaskrá

Til Hagstofu Íslands

580205-1430

Litla-Hraun, 12. febrúar 2005.


Hinn 23. janúar 2005 var haldin stofnfundur félagsins AFSTAÐA í fangelsinu Litla-Hrauni. Á fundinum voru samþykktir/lög félagsins tekin til afgreiðslu og samþykkt samhljóða. Þá var kosið í stjórn félagsins.

Stjórnin er þannig skipuð:

Atli Helgason, tilsjónarmaður, kt. 070367-5649  
Ásgeir Ingi Ásgeirsson, kt. 231176-3309  
Guðmundur Ingi Þóroddsson, kt. 290574-4639  
Sigurður Rúnar Gunnarsson, kt. 060465-3209  
Sveinbjörn Kristjánsson, kt. 310866-4829

Meðfylgjandi eru lög/samþykktir AFSTÖÐU en þess er hér með óskað að félagið verði skráð í þjóðskrá og hljóti kennitölu.

Virðingarfyllst,  
f.h. AFSTÖÐU,

  
Atli Helgason

Móttekið hjá RSK  
14. Feb. 2005  
Fyrirtækjaskrá

Hagstofa Íslands  
Fyrirtækjaskrá  
Lindargötu 9  
150 Reykjavík

## Umsókn um kennitölu fyrir félag

Nafn félagsins:	AFSTAÐA til ábyrgðar
Heimilisfang:	Litla-Hraun
Póststöð:	820 Eyrarbakki

Tilgangur félagsins:	Að vinna að tækifæri fyrir fanga til ábyrgðar, endurreysnar og að búa þeim skilyrði til endurkomu út í samfélag manna
----------------------	---

Hverjir standa að félaginu (eiginhandarundirskrift): Krafist er undirskriftar a.m.k. 5 aðila þ.m.t. ábyrgðarmanns.

Nafn:	Kennitala:
Atli Helgason	070367-5649
Asgeir Ingi Asgeirsson	231176-3309
Sigrundur Rúnar Gunnarsson	060465-5209
Guamundur Ingi Þórðsson	290574-4639
Smundur Kristjánsson	310866-4829

Forráðamaður félagsins (eiginhandarundirskrift):

Nafn:	Atli Helgason <i>Atli Helgason</i>
Heimilisfang:	Heiðarhjalla 47, Kópavog
Kennitala:	070367-5649

5.000 kr. skráningargjald staðgreiðist eða leggist inn á reikning Hagstofu Íslands, fyrirtækjaskrá, kt. 590169-00809:

Landsbanki Íslands, aðalbanki 0101-26-6014.

Ath. Ljósrit af kvittun þarf að fylgja umsókninni.

Félagssamþykkt

Móttekið hjá RSK

14. Feb. 2005

Fyrirtækjaskrá

## AFSTÖÐU TIL ÁBYRGÐAR

### 1. Heiti og hlutverk

- 1.1. Félagið heitir AFSTAÐA til ábyrgðar, félag fanga, aðstandenda og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun fanga, og hefur aðsetur að Litla-Hrauni, 820 Eyrarbakka.
- 1.2. Markmið félagsins eru fyrst og fremst þau að vinna að tækifæri fyrir fanga til ábyrgðar, endurreisnar og að búa þeim skilyrði til farsællar endurkomu út í samfélag manna.
- 1.3. Markmiðum sínum hyggst félagið einkum ná með því;
  - að huga í hvívetna að föngum, aðstandendum fanga, fjölskyldum, vinum og öllum öðrum sem sitja í fangelsi úti í hinu frjálsa samfélagi vegna tengsla við fanga.
  - að hvetja alla fanga til góðra og göfugra verka, viðhalda von þeirra og sýnilegum markmiðum á meðan fangavist varir og að henni er lokinni.
  - að gefa föngum tækifæri til að iðrast gjörða sinna með orðum og athöfnum og vinna sjálfum sér og samfélaginu gagn af einlægni og án sérstakra skilyrða.
  - að standa að fræðslu á meðal fanga jafnt sem frjálsra manna og veita aðstoð öllum þeim sem hennar óska eftir því sem kostur er og tækifæri til, fræða og upplýsa um fangelsi, orsakir fangavistar og afleiðingar hennar.
  - að eiga samstarf við önnur félög hér á landi og í útlöndum sem starfa að sömu málefnum.

### 2. Félagsaðild

- 2.1. Félagi getur hver sá gert sem vill styðja félagið og vinna að markmiðum þess.
- 2.2. Félagar skulu skrá sig í félagið á þar til gerðum eyðublöðum.
- 2.3. Stjórn félagsins ber ábyrgð á félagaskrá sem einungis er til afnota fyrir stjórn og/eða starfsfólk félagsins og eru þeir bundnir þagnaskyldu um hana.

### 3. Aðalfundur

- 3.1. Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í mars ár hvert. Til fundarins skal boða skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- 3.2. Tveimur mánuðum fyrir aðalfund, annað hvert ár, skal stjórn félagsins skipa þriggja manna uppstillinganefnd og skal tilkynnt um hana bréflaga eða í fréttabréfi. Skal nefndin vinna að framboðum til stjórnar og til kjörs

SRG  
1  
ATA  
SK

félagslegra skoðunarmanna reikninga. Listi uppstillingarnefndar skal hafa borist stjórn mánuði fyrir aðalfund. Stjórn skal síðan kynna hann bréflega fyrir félögum og lýsa eftir framboðum eigi síðar en viku áður en framboðsfrestur rennur út, viku fyrir aðalfund.

- 3.3. Við kjör stjórnar skal beita meirihlutakosningu þannig að sá listi sem hlýtur flest atkvæði fær sína menn kjörna. Öllum félagsmönnum er heimilt að bjóða fram lista til stjórnarkjörs að uppfylltum skilyrðum samþykktu þessara.
- 3.4. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist félagin mánuði fyrir aðalfund og skulu þær kynntar félögum í fundarboði stjórnar, minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Undanþegnar þessum skilafresti eru tillögur sem breyta ekki efnislegu innihaldi laganna heldur lúta t.a.m. að orðalagi, formi o.s.frv.
- 3.5. Verkefni aðalfundar eru:
  1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
  2. Skýrsla stjórnar, nefnda, fulltrúa að starfshópa.
  3. Samþykkt reikninga.
  4. Laga-, samþykktu og stefnuskrárbreytingar.
  5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
  6. Önnur mál.

Aðalfundur telst lögmætur sæki hann 11 félagsmenn hið fæsta.

Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt fundarsköpum félagsins.

#### 4. Stjórn

- 4.1. Félagar kjósa á aðalfundi 5 manna stjórn til tveggja ára í senn til að gegna embættum tilsjónarmanns eða framkvæmdarstjóra og stjórnarmanna. Kosning skal vera skrifleg eða eftir handauppréttingu, allt eftir ákvörðun aðalfundar.
- 4.2. Stjórn skal skipa sér fundarritara og taka ákvörðun um fundarstjórn hverju sinni.
- 4.3. Stjórn fer með umboð og æðsta vald í málefnum félagsins og kemur fram fyrir hönd þess.
- 4.4. Tilsjónarmaður eða framkvæmdarstjóri sinnir daglegum, og öðrum tilfallandi, verkefnum félagsins í samráði við stjórn og félagsmenn.

#### 5. Skipulag og starfsemi

- 5.1. Stjórn skal halda vikulega fundi þar sem farið verur yfir málefni félagsins og þau lögð til samþykktar og afgreiðslu.
- 5.2. Tilsjónarmaður eða framkvæmdastjóri skal á stjórnarfundum gera grein fyrir störfum sínum og leita samþykkis þeirra ráðstafana.
- 5.3. Tilsjónarmaður eða framkvæmdastjóri fer með daglega starfsemi félagsins í samráði við stjórn og skal hann upplýsa stjórn og félagsmenn um störf sín. Tilsjónarmaður eða framkvæmdastjóri skal standa að útgáfu fréttablaðs félagsins og sinna erindum þess. Tilsjónarmaður eða framkvæmdastjóri skal fá greidd laun fyrir störf sín eftir ákvörðun stjórnar og í samráði við félagsmenn.
- 5.4. Stjórnin skal skipa sér fulltrúa úr hópi félagsmanna, þegar þörf krefur, til að vinna að sérstökum og mikilvægum málefnum sem félagið tekur sér fyrir hendur. Fulltrúar skulu starfa í nánú samráði við stjórn félagsins og taka þátt í fundum hennar eftir því sem þörf er á og aðstæður eru til. Þegar

526 2 HIA SK

sérstaklega stendur á, og þörf er á utanaðkomandi aðstoð og þekkingu, getur stjórnin leitað sér fulltrúa utan félagsmanna og skal þá samgangur þeirra við félagið vera í samræmi við reglur sem um það gilda í fangelsum á hverjum tíma.

**6. Fjármál**

- 6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið.
- 6.2. Félögum er frjálst að greiða vikulega framlög í félagssjóð en engum er skylt að greiða slíkt gjald.
- 6.3. Tilsjónarmaður skal annast innheimtu félagsgjalda í samræmi við ákvörðun félagsmanna og annarra tekna félagsins.
- 6.4. Allar fjármunahreyfingar fara fram á bankareikningum félagsins og skal gerð grein fyrir þeim á aðalfundi félagsins.

**7. Breytingar á samþykktum og félagsslit**

- 7.1. Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samþykki á aðalfundi sbr. 3. gr. og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.
- 7.2. Félagið verður ekki lagt niður nema með samþykki á aðalfundi sem hlotið hefur sömu meðferð og tillögur um breytingar á samþykktum og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg. Við slit á félaginu skal eyða félagaskrá en eignir og önnur gögn skulu renna til skyldra félagasamtaka þegar eitt ár er liði frá aðalfundi.

Þannig samþykkt;

Litla-Hraun, 23. janúar 2005,  
f.h. AFSTÖÐU

*Guðmundur Friðgeirsson*

*Alfgeir Gunnarsson*

*Sigríður Rúnar Gunnarsson*

*Asgeir S. Asgeirsson*

*Guðni Kristjánsson*

PCL XL Error

Subsystem:

Error:

Operator:

Position:

I/O

InputReadError

EndPage

232